

54. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi, símafundur 09.07 2019, kl. 09:30

Mættir stjórnarmenn : Björn Ingimarsson, Gauti Jóhannesson, Jón Þórðarson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Þór Steinarsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Einnig mættir : Haraldur Geir Eðvaldsson slökkviliðsstjóri og Baldur Pálsson fráfarandi slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fund og bað Gunnþórunni rita fundargerð.

1. Þórkúra Brunavarna á Austurlandi.

Stjórn felur Birni Ingimarssyni stjórnarformanni umboð til að ganga frá þókúruumboði Brunavarna á Austurlandi, til handa Haraldi Geir Eðvaldssyni slökkviliðsstjóra.

2. Staða brunavarnaráætlunar.

Skýrt var frá því að brunavarnaráætlun var send Mannvirkjastofnun til yfirferðar í lok maí. Þeim athugasemdum sem stofnunin gerði hefur verið svarað og er stefnt á fund Haraldar með Mannvirkjastofnun eftir verslunarmannahelgi og vonast til að hægt verði að ljúka málum þar.

3. Önnur mál

3 umsóknir bárust um stöðu aðstoðarslökkviliðsstjóra, 1 af þeim var dregin til baka. Ingvar Birkir Einarsson verður ráðinn aðstoðarslökkviliðsstjóri og kemur hann til starfa að loknum uppsagnarfresti hjá núverandi vinnuveitanda, í síðasta lagi 1. október.

Björn ræddi um næsta fund stjórnar, en fyrirhugað er að funda samhliða sumarferð . Formanni falið að undirbúa ferðina og finna heppilegan dag.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 9:45